

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Ógæfusami konungurinn



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Lyn Doerksen

Saga 18 af 60

www.M1914.org


Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic


Samúel, dómari og leiðtogi Ísraels, var orðinn gamall. Hann setti syni sína dómara yfir Ísrael, til að taka stöðu sína í þjónustu Guðs. En þeir voru illa innrættir, elskuðu peninga, og misnotuðu



völd sín til að svindla.

1

Ísraelar liðu þjánaða sökum óheiðarleika. Dómsstólarnir voru óréttlátir. Fólkið varð að borga sonum Samúels í hvert skipti sem það þurfti á hjálp að halda.




2

Nú þurfti eitthvað að ske. Dag einn fóru öldungar fólksins til Samúels til að leita hjálpar hans.




3

"Set þú nú konung yfir okkur til að dæma okkar mál," kröfðust þeir. Þeir vildu ekki hina illa innrættu syni Samúels sem dómara lengur. Þeir vildu konung eins og aðrar þjóðir.




4



Samúel mislíkaði kröfur þeirra. Ísrael hafði konung! Hinn Eilífi Almáttugi Guð var konungur Ísrael.

5




Fyrir löngu síðan losaði hann þá úr ánaði Egypta og bjó þeim göngustíg í gegnum Rauða Hafið. Svo hafði hann gefið þeim þetta stórkostlega land, Ísrael.

6

Þegar Samúel bað til Guðs, svaraði hann, "Þeir hafa ekki mótmælt þér, þeir hafa hafnað mér sem konungi sínum, og þeir hafa þjónað öðrum guðum.

Gerðu það sem þeir óska, og set konung yfir þeim."



7

Guð sagði Samúel að vara fólkið við að konungurinn mundi skattleggja það; yfirtaka vingarða þeirra og bestu landsbildur; gera syni þeirra að hermönnum; og krefjast þess að dætur þeirra þjóni konungi.

8



Þrátt fyrir það, krafðist fólkið að fá konung.

9



Guð benti Samúel á ungan, myndalegan, feiminn, hávaxinn mann, sem hét Sál. Sál var höfðinu hærrí en flestir aðrir.

10



Um leið og Samúel kom auga á Sál, sagði Drottinn, "Þetta er sá sem á að stjórna þjóð minni."

11



Samúel, samkvæmt fyrirskipun Guðs, smurði nú Sál sem konung Ísraels. Er Samúel kynnti Sál fyrir fólkinu hrópaði það, "Lengi lifi konungurinn!"

12




Fyrr en varði reyndi á forystuhæfileika Sáls. Ammónítar, sem hötuðu Ísrael, umkringdu eina borgina og hótuðu að stinga hægra augað úr öllum þar.

13



Þvílík grimmd. Er fréttin barst honum til eyrna, fylltist Sál reiði og gerði herlið sitt reyðubúið.

14



Hófst nú bardaginn og gerðu hermenn Sáls út af við Ammóníta og björguðu þar með borginni. Sál konungur vegsamaði Guð og sagði: "Á þessum degi hefur Drottinn bjargað Ísrael."


15



Pann dag, veitti Guð Sál mikinn sigur. En Sál var ekki alltaf heiðvirður gagnvart Guði. Dag einn, fyrir orrustu við Filistea, færði Sál Guði brennifórn.

16

Hann vissi að þetta átti Samúel að gera. Hann vissi að Guð vildi að hann hefði beðið eftir Samúel, en samt óhlýddist Sál Guði.



17



Þegar Samúel kom, sagði hann við Sál, "Þú hefur hegðað þér heimskulega.

18

Þú hefur ekki hlýtt fyrir mælum Drottins Guðs þíns. En nú mun konungdómur þinn ekki standa lengur."



19

Það kann að vera að Sál hafi fundist þetta lítil synd. En óhlýðni við Guð er ávallt háalvarlegt mál.




20

Í annan tíma, skipaði Guð Sál að útrýma öllum Amalekítum fyrir illmennsku þeirra.




21

En Sál lét þyrma lífi Agags konungs Amalekíta.



22

Samúel sagði við Sál, "Hlýðni er betri en fórn. Af því að þú hefur hafnað orði Drottins hefur hann hafnað þér sem konungi yfir Ísrael."



23

Sál var mjög hryggur vegna syndar sinnar. En það var um seinan. Sál varð óhamingjusamur til dauðadags vegna óhlýðni sinnar gagnvart Guði.



24

Ógæfusami konungurinn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrri Samúelsbók 8-16

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

